

Matsskýrsla Lundarskóla 2011-2012

Lundarskóli - þar sem okkur líður vel

Tilgangur:

Tilgangur með umbótaáætlun er að fara í markvissa vinnu til að bæta skólastarfið.

Markmið: Að öllum líði vel og að skólastarfið verði enn betra.

Afmörkun, hvað var metið?

- Líðan og virkni nemenda í 6. – 10. bekk með matstækinu Skólapúlsinum
- Haustviðtöl og markmiðssamningar metin meðal kennara og foreldra
- Teymiskennslan í 1., 3. og 8. bekk meðal foreldra
- Teymismappa
- Vinnustofur í 9. og 10. bekk meðal kennara
- SMT skólafærnivinna meðal starfsfólks og nemenda
- Smiðjur í Orði af orði og B-læsi
- Hvað nemendur borða, könnun gerða meðal allra nemenda í nóvember 2011
- Kynjahlutfall foreldra sem mæta á haustkynningar og í viðtöl með brönum sínum

Rökstuðningur:

Góður starfsandi og líðan meðal starfsfólks eykur líkurnar á því að nemendum líði vel og að þeir sýni betri árangur í námi.

Kallað eftir ábendingum um það sem betur má fara með umræðum hjá þeim árgöngum sem foreldrum er boðið.

Þátttaka í haustkynningarfundum, viðtölum og leiðsagnarmati. Þar er tölum um kynjahlutfall foreldra sem koma í viðtölin og á haustkynningarfundum haldið saman en það á að gera skv. jafnréttisáætlun skólans .

Rýnihópar nemenda: Í þeim er þverskurður allra nemenda í skólanum. Ýmis verkefni eru lögð fyrir þessa hópa. Niðurstöður eru ýmist notaðar sem mat eða umbætur.

Unnið með eftir umbótaáætlun fyrra árs: Markviss könnun starfsfólks í byrjun júní 2011 kom vel út. Teknir voru út tveir þættir sem ástæða þótti til að skoða sérstaklega í vetur og umbótáætlun gerð um þá. Þeir eru *traust og að starfsfólk viti til hvers er ætlast af því*.

Hverjir koma að matinu?

Allt starfsfólk

Foreldrar

Rýnihópar nemenda og starfsfólks

Nefndir sem sjá um einstök verkefni

Foreldrar nemenda í árgöngum 1996, 1998, 2000, 2002 og 2004 mæta í foreldrakaffi

Aðferðir og gagnaöflun:

- Tölfræðilegar niðurstöður úr Skólapúlsinum
- Umræður í morgunkaffi foreldra í fjórum árgöngum þ.e. 1996, 1998, 2000, 2002 og 2004
- SVÓT greining foreldra í tveimur árgöngum og kennara á haustviðtölum og markmiðssamningi sem gerður er að hausti
- Viðhorfskönnun meðal foreldra í þremur árgöngum
- Minnisblöð úr umræðum rýnihópa nemenda um skólalóðina
- Tölfræðilegar niðurstöður úr mati nemenda og starfsfólki á SMT skólafærni

Gögn sem notuð voru:

- Skólapúlsinn
- Umræðumat
- Skorkort
- SVÓT greining

Úr matsáætlun Lundarskóla 2011-2012

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun Lundarskóla fyrir veturinn 2011-2012 átti að meta lýðræði í skólastarfinu.

Það var unnið með þeim hætti að starfsfólk og rýnihópar nemenda voru fengnir til að koma með hugmyndir um notkun á Lundinum á skólalóðinni. Út úr þessari vinnu komu margar skemmtilegar hugmyndir sem haldið verður saman. Hugmynd nemenda varð ofan á til framkæmda um að byggja snjóvirki.

Fá átti ábendingar frá foreldrum nemenda í 1., 4., 7. og 10. bekk sem mættu í morgunkaffi og á matsfundi að vori. Spurt var um hvernig við gætum aukið lýðræði í skólastarfinu. Engar hugmyndir komu.

Úrvinnsla og niðurstöður:

1. Líðan og virkni nemenda í 6. – 10. bekk með matstækinu Skólapúlsinum.

Það sem gert var: Nemendur úr þessum árgöngum valdir af handahófi með rafrænum hætti og þeir vinna matið í tölvustofu. Þau atriði sem þarf að huga sérstaklega að eru:

- Efla trú nemenda á eigin námsgetu - hvernig getum við unnið með það.
- Efla trú nemenda á eigin vinnugetu - hvernig getum við unnið með það.
- Efla trú nemenda á eigin árangri - hvernig getum við unnið með það.

Í ytra mati Menntamálaráðuneytisins komu ábendingar um svipuð atriði.

Á haustönn 2012 munu kennarar fá það verkefni að koma með hugmyndir um lausnir.

2. Haustviðtöl og markmiðssamningar metin meðal kennara.

Kennarar og foreldrar meta fyrirkomulag á foreldraviðtölum í ágúst og markmiðssamningum nemenda.

Kennarar: Kennarar vilja gjarnan lengri viðtöl. Að hver árgangur geri sinn markmiðssamning, meiri eftirfylgni og fræðslu til foreldra og nemenda um markmiðssetningu og tilganginn með henni.

Foreldrar í 3. og 8. bekk: Þeir telja samningana til bóta og mikilvæga fyrir nemendur, segja að það þurfi að auka eftirfylgni og að staðan sé tekin oft. Markmiðin þurfi að vera sýnilegri nemendum og þeir minntir á. Meiri fræðsla fyrir foreldra um markmiðssetningu.

Niðurstaða: Eftir þessa kannanir varð niðurstaðan sú að hafa 15 mínútna viðtöl í ágúst, 30 mínútur í hin tvö skiptin sem viðtöl eru á skólaárinu. Kennarar afhenda markmiðssamningana í viðtölunum í ágúst og útskýra fyrir nemendum og foreldrum til hvers er ætlast. Þeim er svo skilað til kennara 2 vikum síðar. Ákveðið að hver árgangur geri eyðublað fyrir markmiðssamninga og að formið endurskoðað árlega.

3. Afmælishópar í árgöngum könnun meðal foreldra nemenda í 1. og 3. bekk.

Foreldrar sjá marga kosti við afmælishópa eins og að allir fái að vera með, foreldrar kynnist betur og að öllum er boðið í eitthvert afmæli. Gallarnir eru helstir: Börnin neyðast til að bjóða einhverjum sem þeir vilja ekki sjóða eða eru aldrei með, fá ekki að velja sjálf hverjum þeir bjóða og að það eru ekki allir að fara eftir þessu. Niðurstaðan hjá 1. bekk var að hafa afmælishópa og í 3. bekk var ánægja með afmælishópa.

4. Teymiskennslan, könnun meðal kennara.

Spurt var um viðhorf kennaranna til opinna rýma, hópaskiptinga, námsaðlögunar, samskiptum við heimilin, kennurum og teymiskennslunnar.

Viðhorf kennara til opinna rýma: Þeir segja að huga verði betur að hljóðvist í opnum rýmum, segja mjög erfitt að kenna tungumál í opnum rýmum.

Kennarar í 8. -10. bekk segja að þegar kennarar eigi að kenna öll fög sé fagmennskunni ýtt til hliðar. Kennarar á yngri stigunum telja það vinnusparnað að skipta námsgreinum á milli kennara í teymi, skiptar skoðanir á því hjá miðstigi.

Teymismöppur: Gott fyrir teymi sem eru að byrja. Skila ekki árangri segir einn hópur, tímaþjófur segir annar og sá þriðji vill minnka vægi þeirra í teymisvinnu kennara.

Annað: Foreldum finnst vont að vinna úr málum innan árgangs of margir nemendur og þeir finna sig illa í foreldrasamstarfi. Gott að geta fengið stuðning annars teymismeðlims í erfiðum málum.

5. Viðhorfskönnun meðal foreldra í 1., 3. og 8. bekk um teymiskennsluna.

45 foreldrar tóku þátt í könnuninni. 41 sagði að börnin þeirra væru mjög eða nokkuð ánægð í skólanum, 4 voru nokkuð eða mjög ósammála því. 40 sögðu félagslega stöðu barna þeirra góða eða mjög góða, 5 voru því nokkuð ósammála. 40 töldu að umsjónarkennarar hefðu góða eða mjög góða yfirsýn yfir alla nemendurna, 4 voru því nokkuð ósammála. 33 sögðu að upplýsingar um barnið og nám þess skilaði sér vel eða mjög vel til foreldra, 12 voru því nokkuð ósammála. 44 foreldrar voru mjög eða nokkuð sammála því að kennararnir notuðu fjölbreyttar kennsluaðferðir. 1 var því nokkuð ósammála. 42 voru því mjög eða nokkuð sammála að börnin þeirra fengju nám við hæfi, 3 voru því mjög eða nokkuð ósammála.

6. SMT skólafærnivinna, könnun meðal starfsfólks og nemenda.

Um 70% eru sáttir við SMT, töldu að reglurnar hjálpuðu í skólastarfinu, að þeim takist vel að gefa nemendum val og að vitarnir geri gagn. Um 70% nemenda segja að kennarinn hafi kennt þeim skólareglur í sl. mánuði. 55% nemenda eru ánægðir með skólareglurnar. 50% nemenda segjast fá vita einu sinni í viku, 36% fær vita einu sinni í mánuði og um 10% fær vita einu sinni á dag. 95% segja að kennarinn hafi kennt þeim athyglimerkið. 99% nemenda segja að það séu haldnir bekkjarunfir í þeirra árgangi. 83% nemenda vissi ekki hvað alusnleit var eða hafði ekki farið í hana með kennurum. Nánar um þetta á heimasíðu skólans.

7. Smiðjur í orði af orði og B-læsi, könnun meðal kennara.

Langflestir kennarar voru ánægðir með námskeiðið Orð af orði. Þeir sem voru í smiðjum fannst gott að fá sameiginlegan tíma til að vinna með Orð af orði.

8. Hvað nemendur borða og hvernig þeim líkar maturinn í skólanum.

Könnun var gerð meðal allra nemenda í nóvember 2011. Niðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans. Könnunin sýndi að helmingur nemenda skólans myndi nýta sér að borða hafragraut á morgnana í skólanum. Þær sýna ennfremur að bæta þarf matreiðslu í mötuneyti skólans og gera matinn gírnilegri. Strax var farið í að gera þessar umbætur. Boðið verður upp á hafragraut frá hausti 2012.

9. Teymismappan metin meðal kennara.

Í tengslum við Med verkefni Þórhildar Helgu skólastýru sem er í námsleyfi í vetur er þessi þáttur tekinn út. Viðhorf til möppunnar og hvernig hún nýtist teyminu er skoðað sérstaklega. Niðurstöður úr þeirri könnun verða birtar síðar.

10. Vinnustofur í 9. og 10. bekk metnar meðal kennara.

Atriði sem metin voru: sjálfstæð vinnubrögð nemenda, aukin ábrygð nemenda á eigin námi, samvinna nemenda, aukin lestrarfærni nemenda, betri staða nemenda í grunnfögunum.

Niðurstöður: Nemendur sýna yfirlétt sjálfstæð vinnubrögð í vinnustofum þeim fjölgar sem gera sér áætlanir. Í vinnustofum fá nemendur tækifæri til að skipuleggja sína vinnu og sumir nýta sér það en ekki allir. Helst hefur reynt á samvinnu nemenda í áhugasviðsverkefnum. Kennarar eru sammála um að aukinn lestur í vinnustofum, hraðlestrarnámskeið og og gerð bókaskýrslna hefur aukið árangur og áhuga nemenda á lestri. Vinna í vinnustofum hefur t.d. aukið orðaforða í erlendum tungumálum og íslensku.

Vegna athugasemda nemenda á mati á vinnustofum árið áður um að þeir vilji meiri vinnufrið þá telja kennarar að það hafi náðst. Nokkrir kennarar tala aftur um að þeir myndu vilja sjá meira verklegt í vinnustofum.

11. Kynjahlutfall foreldra sem mæta á haustkynningar og í viðtöl með börnum sínum.

Yfirgnæfandi er að mæður komi í viðtöl, á fundi og fleira sem tengist skólastarfi barnanna. Haldið verður áfram að halda þessum tölum saman og vinna með þær til lengri tíma. Jafnréttisnefnd skólans heldur þeim saman, vinnur úr þeim og gerir tillögur um úrbætur.

Samstarf leik- og grunnskóla.

Samstarf Lundarskóla og leikskólanna þriggja Pálmholts, Flúða og Lundarsels hefur verið að þróast verulega undanfarin ár. Síðastliðinn vetur var samstarfið markvisst og gerð umbótaáætlun. Unnið var eftir henni þetta skólaár en samstarfið ekki metið.

Á vorönn 2011 fékkst styrkur til að efla samstarfið enn frekar auk þess sem efla átti fagleg tengsl starfsfólks t.d. um læsi. Veglegur þróunarstyrkur fékkst. Þetta verkefni hefur verið metið sérstaklega og verða niðurstöður birtar þegar verkefninu lýkur á vorönn 2013.

Samstarf 1. og 7. bekkjar var ekki metið þetta árið.

Niðurstöður mats 6. bekkjar á samstarfinu við leikskólana voru að 50 nemendur í 6. bekk voru mjög ánægðir með vinnuna, 3 voru hlutlausir.

Annað

Allt starfsfólk skólans metur ýmsa atburði eins og fjölgreindarleikana, litlu jólaárshátíð, göngudag og vettvangsdaga að vori. Í kjölfarið er gerð umbótaáætlun. Nefndir sem sjá um viðkomandi atburði fara yfir matið og gera umbótaáætlanir sem kynntar eru þegar nálgast atburðina í næsta skipti.

Stjórnendur sjá um að meta námskeið í Orði af orði, vinnustofuval og vinna úr mati á samstarfi við leikskólana.

Þróunarstjórn Lundarskóla sér um mat á öðrum þáttum sem meta á þetta árið, þáttum sem hafa ekki verið metnir áður. Smíðjur í orði af orði og B-læsi, vinnustofuval og teymiskennslu.

Stýrihópur um heilsueflandi grunnskóla sér um mat á því verkefni.

SMT-stýrihópur sér um mat á SMT vinnu.

Skorkort skólans og símenntunaráætlun eiga að endurspeglar áherslur sem skólinn leggur. Skorkortið er unnið í samvinnu við starfsfólk eins og hægt er. Það er kynnt fyrir starfsfólki að hausti og aftur í febrúar. Þá er farið yfir það sem búið er og haldið áfram með það sem ekki er búið.

Menntamálaráðuneytið gerði ytra mat í Lundarskóla vorið 2012. Matsskýrslan er birt á heimasíðu skólans. Í tengslum við matið lét skólinn gera úttekt á fjölbreyttum kennsluaðferðum.

Þorgerður Sigurðardóttir
skólastýra Lundarskóla 2011-2012